

Nd.

481. Frumvarp til laga

[228. mál]

um heimild til sölu hlutabréfa í Íslensku matvælamistöðinni hf. til erlendra aðila.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

Íslensku hluthöfunum í Íslensku matvælamistöðinni hf. skal heimilt að selja bresku aðilum öll hlutabréf sín í félaginu, enda skuldbindi hinir bresku kaupendur sig til að félagið stundi engan atvinnurekstur á Íslandi og til að slíta félaginu eigi síðar en 1981.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt samkvæmt beiðni fjármálaráðuneytisins.

Íslenska matvælamistöðin hf. var stofnuð 1965 og var tilgangur félagsins upphaflega „að greiða fyrir kynningu og sölu íslenskra afurða og annarra íslenskra framleiðsluvara, m. a. með því að reka verslun og veitingastarfsemi“.

Félagið hefur í raun aldrei rekið neina starfsemi hér á landi, heldur einungis veitingahús í London. Árið 1968 var helmingur félagsins yfirtekinn af bresku hlutafélagi, Angus Steak Houses Ltd., og einstaklingum á þess vegum. Tók það fyrirtæki við rekstrinum, sem fram til þess tíma hafði gengið mjög illa.

Síðan þetta gerðist hefur reksturinn gengið bærilega og fyrirtækið endurgreitt öll þau lán, sem hinir innlendu eigendur þess höfðu veitt því meðan það átti í rekstrarörðugleikum.

Nú er hins vegar ljóst orðið, að eina leið þessara eigenda til að fá aftur að einhverju leyti það fjármagn, sem upphaflega var lagt í fyrirtækið, er að selja það að fullu hinum bresku aðilum, enda er verðmæti fyrirtækisins nú eingöngu fólgið í frádráttarhæfni uppsafnaðs taps þess, sem eingöngu getur komið bresku fyrirtæki að gagni. Að auki rennur út á árinu 1979 leigusamningur um þá aðstöðu, sem félagið hefur til starfsemi sinnar í London.

Hið uppsafnaða tap var hinn 30. júní 1975 £ 32 066, en söluverð þess hluta, er íslensku hluthafarnir eiga, er £ 18 000.

Í lögum nr. 77/1921, um hlutafélög, er hvergi tekið fram, að meiri hluti hlutafjár skuli vera í eigu íslenskra ríkisborgara eða manna búsettra á Íslandi. Skilyrði af þessu tagi er hins vegar víða að finna í sérlögum um helstu atvinnugreinarnar. Vegna slíkra ákvæða í íslenskri löggjöf og með tilliti til framkvæmdar við skráningu hlutafélaga um langan tíma hefur verið litið svo á, að í íslenskum hlutafélögum verði meiri hluti hlutafjárins að vera í eigu hérlendra aðila án tillits til þess, hvort félagið rekur atvinnu, sem háð er sérlögum, sem hafa að geyma ákvæði um meiri hlutaeign íslenskra aðila.

Þannig hefur verið litið svo á, að sérstaka lagaheimild þurfi til að selja öll íslensku hlutabréfin til erlendra aðila, þar eð hér er um að ræða íslenskt hlutafélag, jafnvel þótt það hafi alltaf haft allan sinn rekstur erlendis.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er þannig heimild, sem beinist eingöngu að þessu einstæða tilvik, en felur ekki í sér neina stefnubreytingu að því er tekur til eignarhalds útlendinga á hlutabréfum í íslenskum hlutafélögum.

Hinir íslensku hluthafar, sem selja mundu bréf sín eru: Ríkissjóður, Framleiðsluráð landbúnaðarins, Samband íslenskra samvinnufélaga og Loffleiðir.

Einstakir nefndarmenn í fjárhags- og viðskiptanefnd áskilja sér rétt til að hafa óbundnar hendur til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim, sem fram kunna að koma.